

From: Einar Bollason <ebollason@gmail.com>
Sent: fimmtudagur, 5. apríl 2018 12:38
To: Ármann Kristinn Ólafsson <armann@kopavogur.is>
Cc: Páll Magnússon <pallm@kopavogur.is>
Subject: Kópavogsbúið

Kópavogi 05.06. 2018.

Hr. Bæjarstjóri Ármann Kr. Ólafsson;

Undirritaðir f.h. Lionsklúbbs Kópavogs sækja hér með um að sjá um endurbætur og uppbyggingu á Kópavogsbúinu, Kópavogstúni 14. Megin tilgangur okkar með því að ráðast í þetta risaverkefni er að skapa aðstöðu með íbúðunum tveimur fyrir foreldrar langveikra barna sem eru í skammtíma hvíldarinnlögn í Rjóðrinu. Þá er einnig stefnt að því að þessi aðstaða verði nýtt fyrir aðstandendur þeirra sem njóta þjónustu Líknardeildar. Þetta er forsenda þess að styrktarsjóðir klúbbsins geti lagt verkefninu lið með um 16 milljóna króna framlagi og að Kópavogsbær komi að verkefninu á sömu nótum og með sömu upphæð.- Sjá kostnaðaráætlun sem og drög að samningi sem hér fylgir með.

Er varðar aðra hluta húsakostsins þá horfum við til þeirra til að skapa klúbbum sem og Kópavogsbæ og jafnvel fleiri aðstöðu til framtíðar og leggja fjármagn og vinnuafli til móts við Kópavogsbæ úr félagssjóði klúbbsins. En þar getum við séð að félagsjóður hefði burði til að leggja í verkefnið allt að 22 milljónum í formi vinnuframlags og fjármuna. Samtals eru þetta þá 38 milljónir sem klúbburinn er tilbúinn til að leggja í verkefnið að því tilskyldu að Kópavogsbær gero slíkt hið sama. Við erum þá að tala um verkefni til 3-4 ára.

Lionsklúbbur Kópavogs verður 60 ára á næsta ári og fannst okkur við hæfi að ráðast í e-ð verulega stórt verkefni af því tilefni. Samtals eru í klúbbum 44 meðlimir og þar á meðal eru 3 stofnendur ! Klúbburinn hefur látið mjög til sín taka í bænum og nægir að nefna hér húsið í Lækjarbotnum er klúbburinn gaf bænum á sínum tíma, þátttaka okkar í byggingu Sunnuhlíðar sem óg útgáfa á Sögu Kópavogsbæjar. Er það von okkar og trú að stjórn bæjarins taki vel í málið þannig að samningaviðræður geti hafist fljótlega.

Haukur Hauksson formaður (sign)
fjárfestunarnefndar

Páll Beck formaður
Einar Bollason fyrrv. formaður (sign)

Fylgiskjöl: Drög að samningi og kostnaðaráætlun.

Bestu kveðjur

Einar Bollason